

Pétur Ingi Haraldsson

From: Mól og Sandur <mologsandur@mologsandur.com>
Sent: fimmtudagur, 19. nóvember 2020 10:13
To: Pétur Ingi Haraldsson; Ólafur Rúnar Ólafsson
Subject: Súlubyggðir
Attachments: Sulubyggd Trendra nov 2020.pdf

Categories: Vistað í OneCRM
One: -1

Sæll Pétur

Hér í viðhengi er hugmyndir okkar um framtíðarnýtingu á lóð okkar við Súluveg. Þetta eru 3 útfærslur og lágreistari byggð og möguleiki er að taka í tveimur áföngum þ.e. byggja fyrst norðanmegin á lóð steypustöðvarinnar og seinna að fara í syðri hlutann. Eins held ég að það verði nauðsynlegt að tengja inn/úttakstur inn á Súluveginn sunnanmegin við Metanstöðina.

Þið skoðið þetta og ræðið á fundi Skipulagsnefndar sem óformlegt erindi. Ég get mætt og kynnt þetta ef þið viljið.

Mín persónulega skoðun er að þetta sé metnaðarfullar tillögur sem samt eru hógværar í hæð bygginga og hér sé einn mest spennandi byggingarreitur sem hefur verið í boði í langan tíma á Akureyri.

Eftirfarandi atriðið voru lögð fyrir arkitektana hjá Tendru við gerð þessara hugmynda:

Hugmyndafræði Súlubyggðar

Byggð verður sambland af verslun/þjónustu, sem staðsett er nær Súluvegi og síðan íbúðabyggð þar aftanvið og niður að Glerá. Byggð verði að hámarki 5 hæðir og byggingar trappist niður að Glerá þannig að sem flestir í húsunum fái svalir á mótí vestri. Reynt verði að hafa garðskál við sem flestar íbúði sem nýta má til ræktunar og ýta undir vistvitund íbúa.

Bílastæði verða í tveggjahæða bílastæðahúsi undir svæðinu. Þaðan verði síðan innangengt með undirgöngum undir Súluveg og Þingvallastræti. Þar með verður ekki umferð gangandi fólks á þessum götum frá Súlubyggð.

Yfir Gleránnu verður á tveimur stöðum göngubrú yfir ána til að tengja saman útivistarsvæðið sem er vestan megin við.

Virðingarfyllt

Hjörtur Narfason

HGH verk ehf

MÖL & SANDUR

Súluvegi 2

IS-600 Akureyri

s: 460-2200 gsm: 823-2209

